

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar, nr. 923/2023.

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 6. tölul. B-liðar 48. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo: Nefndin annast þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni og varðar fasteignir, götur og aðra fasta fjármuni Hveragerðisbæjar á grundvelli laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, vatnalaga nr. 15/1923, laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum nr. 53/1995, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, vegalaga nr. 80/2007, orkulaga nr. 58/1967 og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

2. gr.

3. tölul. C-liðar 48. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo: *Samráðshópur og málefni fatlaðs fólks*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara. Skulu þrír aðalmenn og varamenn vera fulltrúar bæjarstjórnar og þrír aðalmenn og varamenn tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaganna. Samráðshópurinn fjallar um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar skv. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991. Samráðshópurinn starfar skv. erindisbréfi sem honum er sett.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. samþykktarinnar:

- Í stað orðsins „sveitarstjórn“ í 2. og 3. mgr. kemur: bæjarstjórn.
- Í stað orðsins „sveitarstjórnar“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: *bæjarstjórnar*.
- Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Bæjarstjórn felur móttökuráði fræðsluþjónustu, sbr. viðauka II við samþykkt þessa, að fjalla um og afgreiða umsóknir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags í samræmi við reglur þar að lútandi sem samþykktar hafa verið af bæjarstjórn. Ef afgreiðslur ráðsins fela í sér fjárútlát umfram viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga eða umfram þegar veittar fjárheimildir til skólavistar utan lögheimilissveitarfélags í samþykktri fjárhagsáætlun skulu þær lagðar fyrir bæjarráð til samþykktar. Afgreiðsla bæjarráðs skal lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar og skal þar samhliða taka fyrir viðauka við fjárhagsáætlun rúmist fjárútlátin ekki innan heimilda fjárhagsáætlunar.

4. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki II, um fullnaðarafgreiðslu mála hjá móttökuráði fræðsluþjónustu Hveragerðisbæjar, sem fylgir samþykkt þessari.

5. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 6. janúar 2025.

F. h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

VIÐAUKI II
um fullnaðarafgreiðslu mála hjá móttökuráði fræðsluþjónustu Hveragerðisbæjar.

1. gr.

Móttökuráð fræðsluþjónustu fer með fullnaðarafgreiðslu umsókna um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Um afgreiðslu umsókna um skólavist utan lögheimilissveitarfélags fer samkvæmt reglum Hveragerðisbæjar um skólavist utan lögheimilissveitarfélags sem samþykktar hafa verið af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar.

Ef samþykki umsóknar hefur í för með sér að útgjöld eru umfram heimildir í fjárhagsáætlun innan málaflokksins ber móttökuráði að senda umsóknina ásamt fylgigögnum og umsögn ráðsins til afgreiðslu bæjarráðs, sbr. 5. mgr. 53. gr. samþykktarinnar.

2. gr.

Móttökuráð fræðsluþjónustu er skipað sérfræðingum fræðsluþjónustu og skólastofnunum Hveragerðisbæjar. Ráðið skal ávallt skipað deildarstjóra fræðsluþjónustu og öðrum sérfræðingum í stuðnings- og stoðþjónustu eftir þörfum og eðli máls.

3. gr.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til afgreiðslu bæjarráðs og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

4. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um kærurétt sinn skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 eða 30. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 eftir atvikum.